

---

## Stóllinn í flug

Í dag eru gelgeymar einungis notaðir í rafknúna stóla. Það gerir að óhætt er að ferðast með þá í flugi, þó er bent á að slá út höfuðrofa eða aftengja rafgeyminn fyrir flug.

Flugvallarstarfsmenn eru mismunandi passasamir á flutningi á þessum tækjum. Gott er að hafa einhvers konar yfirbreiðslu með í farteskinu til að verja hjólastólinn gegn bleytu þegar verið er að lesta flugvélin.

Sett hefur verið ESB tilskipun um að flugvellir beri ábyrgð á öllum skemmdum. Það skal þó hafa í huga að tjónið skal tilkynnt til flutningsaðila strax og þess verður vart.

## Stóllinn í bíl

Vakin er athygli á því að ef farþegi ferðast um í bíl sitjandi í hjólastólnum þá þarf að festa stólinn niður í bílinn. Beltið sem er í hjólastólnum er ekki fullnægjandi öryggisbelti í bíl, slíkt þarf að vera viðurkennt öryggisbelti og fest í stellið á bílnum. Það sama gildir um höfuðpúðann, höfuðpúðinn í hjólastólnum er ekki öruggur þar sem að hann er ekki festur í stellið á bílnum.

Festingar: Festingar á stólinn fyrir bílfestingar þarf að panta sérstaklega þegar stóllinn er pantaður (þær fylgja ekki endilega með). Á móti þeim þurfa að vera festingar í gólfinu á bílnum.



Hjálpartækjamiðstöð  
Vínlandsleið 16  
113 Reykjavík

Sími 515 0100  
Fax 515 0101  
Vefsíða [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)

---



# Almennt um notkun á rafknúnum hjólastól

---

Upplýsingabæklingur um  
rafknúna hjólastóla



Hjálpartækjamiðstöð  
Sjúkratrygginga Íslands

---

## Notkun á rafknúnum hjólastól

Gæta skal að því að slökkva á stólum þegar þú ert ekki á ferðinni, þá getur þú fyrirbyggt það að stóllinn taki af stað ef einhver rekur sig í stýripinnann.

Allir rafmagnshjólastólar er gerðir fyrir einn notanda. Það má aldrei taka farþega með sér í stóllinn eða standandi utan á honum.

Varist að hlaða of miklum farangri á stóllinn, slíkt getur valdið óvæntum bilunum. Mikilvægt er að fara ekki yfir burðargetu stólsins, slíkt getur leitt til óeðlilegs slits á lyftunni í stólum og öðru.



## Almennt um viðhald

Alla rafknúna hjólastóla skal geyma á upphituðum, þurrum og hreinum stað innandyrna.

Hver og einn ber ábyrgð á því að stóllinn sé þrífinn reglulega. Það þarf að strjúka af hörðum hlutum með rökum klút og ryksuga áklæði.

Það má ekki taka í sundur hluti sem hafa áhrif á stjórnun eða virkni stólsins. Hafið samband við Hjálpartækjamiðstöð eða þjónustuaðila/seljanda ef þú þarft hjálp.

Loftþrýstingur í dekkjum hefur áhrif á aksturshæfni stólsins og endingu rafhleðslunnar. Eðlilegur þrýstingur í dekkjum er tilgreindur á dekkjum sem bar eða psi. Mikilvægt er að loftþrýstingur sé réttur, hleðslan á rafgeymunum endist þá betur.

Góð regla er að panta tíma á verkstæðinu með reglulegu millibili, t.d. árlega til að láta yfirfara rafknúna hjólastóllinn og geymana. Það fer þó eftir notkun stólsins.



## Hleðsla

Góð regla er að hlaða stóllinn á hverri nóttu. Ekki skal geyma stóllinn lengi með óhlaðna geyma. Ef það á að geyma stóllinn í lengri tíma, þurfa rafgeymarnir að vera fullhlaðnir, síðan á að hlaða stóllinn minnst einu sinni í mánuði.

Það er í lagi að skilja hleðslutækið eftir í sambandi við hjólastóllinn. Það tryggir að rafgeymarnir séu fullhlaðnir og viðheldur hleðslunni.

## Þegar hlaða á stóllinn

- Slökkvið á stólum.
- Tengjið hleðslutækið við stóllinn.
- Setjið hleðslutækið í samband við rafmagn.

## Þegar stóllinn er fullhlaðinn

- Takið hleðslutækið úr sambandi við rafmagn.
- Aftengið tækið frá stólum.

Ef stóllinn verður rafmagnslaus er hægt að stilla í frígír. Það er gert með þar til gerðum handföngum við mótora, einu eða tveimur, og þá er hægt að ýta stólum áfram. Þetta þarf svo að færa til baka þegar aka á stólum á nýjan leik.